

Námsáætlun

Kennarar: **Jóhanna M. Tryggvadóttir** johannamt@fg.is
Sari Cedergren sari@fg.is

Áfangi: FEMY3tv05 Ferilmappa og myndbönd

Áfangalýsing:

Í áfanganum fá nemendur kennslu í hvernig hægt er að halda utan um vinnu sína á skipulegan hátt með bæði stafrænum og verklegum aðferðum, til dæmis með vefsíðu og öðrum aðferðum og deila hugmyndum hvernig hægt er að búa til einföld kynningarmyndskleið með hinum ýmsum öppum. Hvernig setja má vinnuna upp í ferilmöppu til kynningar á sjálfum sér vegna umsókna í háskóla, þátttöku í samkeppnum, umsókna um sýningar o.s.frv.

Í ferlinu er farið yfir hvað nemendur hafa áður gert samanber formfræði, fjarvídd, módelteikningu, 3d og hugmyndavinnu. Heimasiður íslenskra og erlendra listamanna verða skoðaðar, gagnrýndar og greindar.

Í áfanganum læra nemendur helstu aðferðir við framleiðslu myndbanda, markvissa hugmyndavinnu, „storyboard“, myndbyggingu, myndatöku, klippingu, lokafrágang myndar og kynningu á henni. Nemendur vinna að fyrirfram ákveðnum verkefnum á fjölbreyttan hátt. Nemendur fá kynningu á framhaldsnámi á sviði myndlistar-, kvikmynda- og myndbandagerðar. Íslenskir listamenn sem vinna verk með þeirri tækni sem kennd er í áfanganum verða kynntir.

Þekkingarviðmið *Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:*

- umsóknarferli í háskóla
- hvernig íslenskir myndlistarmenn kynna sig á heimasíðum sínum
- helstu aðferðum við einfalda myndbandagerð
- vinnu fagfólks í myndbandagerð
- menntastofnunum hér heima og erlendis á sviði kvikmyndagerðar og myndlistar

Leiknisviðmið *Nemandi skal öðlast leikni í að*

- setja saman ferilmöppu þar sem hann kynnir sig og verk sín og dregur upp heiðarlega og sannfærandi mynd af sjálfum sér og list sinni
- skrásetja verk sín stafrænt
- leita sér upplýsinga um inntökufæri í íslenskum og erlendum háskólum
- búa til margskonar myndbönd
- ræða opinskátt um þær hugmyndir sem hann túlkar í myndböndum sínum
- taka þátt í umræðu um hugmyndir og stuttmyndir samnemenda sinna á uppbyggilegan hátt

Hæfniviðmið *Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:*

- sækja um nám og störf sem tengjast námi hans á listnámsbraut sem er metið með verkefnum
- skapa myndbönd sem eru áhugaverð og persónuleg sem er metið með verkefnum
- fjalla um hugmyndafræði og verklegan bakgrunn verka sinna sem er metið með verkefnum og munnlegri framsögn
- taka þátt í uppbyggilegri og frjórri samræðu um verk sín og annarra sem er metið með verkefnum og munnlegri framsögn

Verkefnaáætlun verður sett á INNU og verður hún uppfærð tvær til fjórar vikur fram í tímann.

❖ **Nauðsynlegt er að nemendur séu virkir að skoða INNU!**

Tölvuvinnsla indesign, photoshop, Premiere Pro

Nemendur þurfa að mæta með þokkalega góðar tölvur og mýs

Nemendur þurfa að fara á skrifstofu skólans fyrir 24 feb. og borga kr. 6000 fyrir áskrift af Adobe pakkanum sem virkar síðan í heilt ár. Þeir nemendur sem eru með hann nú þegar þurfa ekki að gera það. Þið fáið síðan senda vefslóð þar sem þið getið halað niður Adobe pakkanum.

ATH ef nemendur mæta ekki með tölvur, mýs og Adobe pakkann þá er það skráð sem fjarvist í tíma.

Námsmat: Þetta er símatsáfangi og öll verkefni verða metin til einkunnar svo og ástundun og virkni í tímum og umræðum. Metið verður meðal annars með tilliti til sjálfstæðis, tækni, fagurfræði, hugmyndaauðgi, vinnusemi og vinnubragða og hvernig nemandi tekur leiðsögn.

Upplýsingar um nánari útfærslu námsmats fáið þið hjá kennara.

87% Raunmæting.

Nemandi getur unnið upp veikindafjarvistir með því að mæta í tvö opin verkstæði ef raunmæting nær 75%. Ein veikindafjarvist er felld niður á móti einni kennslustund á opnum verkstæðum sem geta verið samtals 8 kennslustundir. Ef þessum skilyrðum er ekki náð er nemandi fallinn í áfanganum. Ef 87% raunmætingu er hins vegar fullnægt þarf nemandi að ná einkunninni 4,5 til að ná áfanganum.